

4. stjórnarfundur Siðmenntar 2020

Þriðjudaginn 3. mars 2020, kl. 17:00 á skrifstofu Siðmenntar, Skipholti 50c.

Mætt á fund: Inga Auðbjörg K. Straumland (formaður), Kristín Sævarsdóttir, Margrét Pétursdóttir (meðstjórnandi), Karen Edda Benediktsdóttir (meðstjórnandi) Sveinn Atli Gunnarsson (meðstjórnandi), Mörður Árnason (varamaður), Hope Knútsson (varamaður), Árný Björnsdóttir (varamaður) og Siggeir F. Ævarsson (framkvæmdastjóri).

Boðuð forföll: Stefán Rafn Sigurbjörnsson.

Fundarritun: Inga Auðbjörg K. Straumland og Siggeir F. Ævarsson

Fundardagskrá í svörtum lit

Viðbætur ritara í bláum lit

Dagskrá/Fundargerð

1. Rekstraráætlun og fjárhagsstaða 2020

a. Rekstraráætlun ársins lögð fram til kynningar

Framkvæmdastjóri og gjaldkeri hafa unnið rekstraráætlun fyrir árið 2020 sem lögð er fram til kynningar.

Framkvæmdastjóra falið að vinna minnisblað og meta stöðugildisþörf skrifstofu þegar fram líða stundir og starfsemi kemst í eðlilegt horf.

b. Fjárhagsstaða félagsins og eignir

Fjárhagsstaða félagsins er sterk, og rekstrargrundvöllur gjörbreyttur á síðustu árum með hækkandi sóknargjöldum. Eigið fé í dag um 12 milljónir.

Einnig á félagið tæki, aðallega tölvur og síma, að andvirði um 750.000 -

2. Kolefnisjöfnun 2019

a. Forsendur kynntar

Fráfarandi stjórn samþykkti að fara sömu leið og árið áður, þ.e. að kaupa vatnsdælur í gegnum UNICEF.

Niðurstöður ársins 2019 eru ögn hærrí í krónutölu en 2018, en þar sem kostnaður við vatnsdælur hefur einnig hækkað kemur jöfnun út á það sama, þ.e. kaup á tveimur vatnsdælum.

Framkvæmdastjóra falið að klára verkið.

3. Húsnæðismál Siðmenntar

a. Umræður um framtíð húsnæðismála Siðmenntar.

Gjaldkeri leggur málið fram. Núverandi húsnæði takmörkunum háð þegar kemur að athöfnum og stærri fundum.

Rætt um ýmsa möguleika til framtíðar í húsnæðismálum. Formanni og gjaldkera falið að kanna málið frekar.

4. Stefnumótun

a. Úrvinnsla

Búið að vélrita.

b. Ritstjórn

Inga, Kristín, Sveinn Atli, Margrét. Mörður býður sig fram til prófarkarlesturs og aðstoð.

5. Dagpeningar og ferðakostnaður

a. Verklagsreglur um dagpeninga og ferðakostnað

Framkvæmdastjóri leggur fram drög að verklagsreglum um greiðslu dagpeninga og ferðakostnaðar í ferðalögum fulltrúa félagsins á vegum þess. Reglurnar eru í raun aðeins formleg staðfesting á vinnulagi sem hefur verið við lýði um nokkurt skeið

6. Trúnaðarmál

a. Trúnaðarmál varðandi leiðbeinanda lagt fyrir stjórn

Málinu lokið. Ritað í trúnaðarbók.

7. Önnur mál

a. Athafnastaðir fyrir BF

Starfsfólki Siðmenntar falið að kanna fleiri möguleika.

b. Opið hús fimmtudaginn 19. mars

Hugmyndir að efni? Tími: 20:00-21:30

Næsti stjórnarfundur verður haldinn þriðjudaginn 7. apríl klukkan 17:00.

Fundi slitið klukkan: 18:33